

44 brotunum hálfu minna. Brjóti gæzlumenn þeir, sem talað er um í 6. grein, 20. maí samþykktina, eða vanræki skyldur þær, er þeim eru lagðar á herðar í nefndri grein, varðar það sektum frá 10 til 100 króna.

8. gr.

Öllum sektum fyrir brot gegn samþykkt þessari skal skipta í tvo jafna hluti, og falli annar hluturinn í fátækra sjóð Vestmannaeyjahrepps, en hinn til uppljóstrarmanns.

*

*

*

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest af undirskrifuðum amtmanni til að öðlast gildi 1. dag ágústmánaðar 1893, og kunngjörist öllum hlutadeigendum til eptirbreytni.

Íslands suðuramt, Reykjavík, 20. maí 1893.

Kristján Jónsson

settur.

45 Brjef landshöfðinga til beggja amtmanna um nýtt form fyrir tollreikning- 18. maí um. — 1.—2. Jafnframt því að senda yður hjermeð, herra amtmaður, hjálögð form fyrir tollreikningum og skilagreinum fyrir tolli, sem prentuð munu verða í B.-deild Stjórnartíðindanna, skal jeg þjónustusamlega skora á yður að leggja fyrir alla reikningshaldara í ömtum yðar, að fylgja fyrirmyndum þessum nákvæmlega eptirleiðis við tilbúning tollreikninganna; fyrirmyndin fyrir reikningnum hefur einkum þá nýjung að geyma, að tekjuhlíðin er leyst upp eptir tollhlíðum innanstyrks, en utanstryks eru tollarnir að eins þrír, eins og áður hefur verið. Fyrirmyndin fyrir skilagreininni er mjög lítið breytt frá því formi, er nú víðast er komið á. Jafnframt skal það tekið fram, að bæði reikningurinn og skilagreinin eiga að vera tvírituð, og eiga þau fylkiskjöl að fylgja, sem nú skal greina:

1. Frumtollskrárnar eða frumrit vöruskráanna, sem skipin hafa meðferðis eptir lögum 15. apríl 1854, 8. gr. Ef fleiri en einn heimtar toll af sama skipi, þá ber hinum síðasta að láta frumtollskrána fylgja reikningi sínum, en hinum fyrri ber að senda staðfestan útdrátt, eins og áður hefur tíðkæzt, með reikningum sínum.

2. Þau skjöl og skilríki, sem getið er um í dómsmálastjórnarbrjefi 13. apríl 1872, 2. gr. 2—6 lið, og gildir þar sama um innheimtu kaffi- og sykur-tollsins, eins og um innheimtu vinfangatollsins.

3. Þau vottorð lögreglustjóra, sem gjört er ráð fyrir í lögum 11. febr. 1876, 2. og 3. gr.

4. Vottorð frá þeim, er veita móttöku tóbaki og vindlum.

5. Eptirrit eða sekunda af ávísunum, þegar tollurinn er borgaður með ávísun til aðalfjehirzlu.

Öll fylgiskjölin mega vera einrituð.

